



Öryggis- og umgengnisreglur sundlaugar

Öryggisreglur

- Sundlaugagestir eru á eigin ábyrgð í sundlaug
- Börn yngri en 10 ára, miðað er við 1. júní árið sem þau verða 10 ára, skulu vera í fylgd með syndum einstaklingi 15 ára eða eldri.
 - Fylgdarmanni er óheimilt að hafa fleiri en tvö börn með sér yngri en 10 ára, nema um sé að ræða foreldri eða þann sem fer með forsjá barnanna lögum samkvæmt.
 - Börn eru á ábyrgð fylgdarmanns/foreldra í lauginni og ber viðkomandi að gæta í hvívetna öryggi þeirra barna sem eru með honum á meðan þau eru í eða við laug
- Allir skulu þvo sér vel og vandlega án sundfata áður en gengið er til laugar. Sundföt skulu vera hrein.
- Ósyndir einstaklingar skulu nota viðurkennda armkúta eða sundvesti og vera nálægt ábyrgðaraðila sem viðkomandi kom með.
- Til að auðvelda kennara eða ábyrgðarmanni hópa að fylgjast með hverju barni skulu hópar barna vera sérstaklega auðkenndir með áberandi lit á armbandi eða sundhettu.
- Fyllsta öryggis skal gætt þegar komið er með hóp af börnum og unglingum í sund. Forráðamenn hópa kynni sér reglur sund- og baðstaða og aðstoði starfsfólk við gæslu.
- Notkun köfunartækja og flotleikfanga er óheimil í lauginni nema með sérstöku leyfi sundlaugarvarða. Þau tæki skulu þá vera vottuð.
- Dýfingar eru ekki leyfðar af langhliðum né í grynri enda laugarinnar.
- Öll notkun tóbaks, nikótínþúða, neysla áfengis og annarra vímuefna er bönnuð í mannvirkinu. Fólki undir áhrifum er óheimill aðgangur
- Notkun tyggigúmmís er óheimil í sundlaug.

Umgengnisreglur

- Notkun myndavél, síma eða annarra snjalltæka er stranglega bönnuð í búningasklefum.
- Öll myndataka er óheimil á sundlaugarsvæði, nema með sérstöku leyfi starfsmanna.
- Dalabyggð ber ekki ábyrgð á persónulegum eigum sundgesta s.s. skófatnaði, fatnað í körfum og snögum búningsherbergja eða öðrum verðmætum sem gestir kunna að hafa með sér. Gestum er bent á að nota læsta munaskápa í anddyri.
- Mælt er til þess að börn á grunnskólaaldri noti búningaaðstöðu ætluð þeirra kyni.
 - Hægt er að biðja um að starfsmaður fylgi barni í gegnum klefann og sýni aðstæður, reynt er að verða við slíkum beiðnum ef kostur er.
 - Henti ekki börnum að fara í búningasklefa karla eða kvenna eru sérklefi í boði.
- Sundgestum ber að fara að fyrirmælum starfsmanna sundstaðar í hvívetna. Verði sundgestur ekki við fyrirmælum starfsmanns getur hann vísað viðkomandi af sundstað.
- Ávallt ber að sýna öðrum gestum og starfsfólki tillitssemi.

Umgengisreglur í Sauna

- Skylda er að hafa handklæði undir sér. Handklæði kemur í veg fyrir að sviti og vatn berist í viðinn og eykur þannig líftíma viðarins.
- Börnum yngri en 16 ára er óheimill aðgangur nema í fylgd með fullorðnum.
- Vatnsúðun á steina er sjálfvirk. Hægt er að ýta á hnapp inni í sánum á 4 mín fresti til að fá aukið vatn á steina.
- Öll notkun ilmolíu er bönnuð.
- Sýnið öðrum gestum tillitssemi
- Starfsfólki er heimilt að vísa gestum út ef ekki er farið eftir þessum reglum.